

Linnetsstígur 6, Hafnarfirði.

Greinargerð vegna deiliskipulagsbreytingar.

Undirritaður hefur að undanfögnu unnið úr hugmyndum fyrir Fríkirkjusöfnuðinn í Hafnarfirði um að stækka núverandi safnaðarheimili á lóðinni nr. 6 við Linnetsstíg.

Þessar hugmyndir hafa verið kynntar fyrir byggingar- og skipulagsyfyrvöldum í Hafnarfirði of ganga í stuttu máli út á að stækka húsið til vesturs (í átt að Strandgötu).

Við stækkunina fæst aukið rými á jarðhæð hússins fyrir skrifstofur og á 1. hæð fæst um 100m<sup>2</sup> salur og á rishæð um 130m<sup>2</sup> salur. Báðir salirnir bæta úr brýnni þörf safnaðarins á húsnæði fyrir félags- og fræðslustarf.

Meðfylgjandi eru skissur sem sýna í grófum dráttum hvernig fyrirkomulagi í húsinu verður háttað.

Aðgengi fatlaðra verður stórbætt með því að koma fyrir lyftu í húsinu og setja skábraut frá gangstétt á Austurgötu að inngangi á 1. hæð. Nýtt stigahús verður gert með lítilsháttar stækkun á útbyggingu við austurgafli og öryggisstigahús sem jafnframt þjónar umferð innanhúss verður í útbyggingu við vesturgafli. Þar verða einnig svalir sem bæta öryggi til muna ef rýma þarf húsið í skyndi.

Aðgangur er á jarðhæð frá gangstétt við Linnetsstíg og vegna halla á gangstéttinni verða gerðir stoðveggir við lóðarmörk til þess að taka upp hæðarmun við innganga. Útbyggingarnar að austan og vestan trappa húsið lítið eitt niður til endanna og jarðvegur við húsið að vestan verður mótaður með stöllum og gróðri þannig að hæð hússins frá jarðvegi verður ekki meiri en nú er. Þar verður frjáls umferð gangandi vegfarenda til suðurs ef henta þykir.

Miðað við ofangreind byggingaráform verður nýtingarhlutfall á lóðinni 1,8 þegar tekið er tillit til skertrar lofthæðar á rishæð.

7. júní 2017  
Helgi Hafliðason